



Viðmið og vinnureglur vegna Ferðasjóðs Afrekssjóðs

Viðmið við úthlutun ferðastyrkja (úr Samþykkt Afrekssjóðs)

- 1) Tilgangur ferðastyrkja er að styrkja aðildarfélög Íþróttabandalags Akureyrar vegna hópa eða einstaklinga sem taka þátt í landsliðsverkefnum á vegum sérsambanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.
- 2) Styrkupp hæðir skulu nema að hámarki kr. 6.000,- á einstakling þegar um verkefni innanlands er að ræða en kr. 15.000,- þegar um er að ræða verkefni erlendis.
- 3) Greiðslur til styrkhafa fara fram hjá samfélags- og mannréttindadeild Akureyrarbæjar gegn framvísun reikninga fyrir kostnaði viðkomandi einstaklinga, hópa eða félaga.

Vinnureglur vegna afgreiðslu styrkja úr Ferðasjóði

- 1) Umsóknir skulu berast frá formanni/framkvæmdarstjóra deilda/félags.
- 2) Umsóknir skulu berast á sérstöku eyðublaði.
- 3) Fylgiskjöl með umsókn skulu vera:
 - a. Staðfesting sérsambands á þátttöku keppanda í verkefninu.
 - b. Staðfesting sérsambands á greiðsluhluta þess í ferðakostnaði viðkomandi hóps eða einstaklings sem sótt er um fyrir. *Ath. sum sérsambönd greiða allan ferðakostnað vegna landsliðsverkefna, innanlands og erlendis.*
 - c. Reikningur vegna ferðakostnaðar, t.d. frá flugfélagi (stílaður á íþróttafélag/iðkendum).
 - d. Önnur gögn sem kunna að vera nauðsynleg.
- 4) Rafrænar umsóknir sendist til forstöðumanns íþróttamála. Útprintaðar umsóknir skulu sendast á bæjarskrifstofur Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, merktar Forstöðumaður íþróttamála / Ferðasjóður Akureyrar.
- 5) Styrkveitingar hvers árs eru háðar fjárhagsáætlun hverju sinni.
- 6) Að öðru leyti vísast í Samþykkt Afrekssjóðs Akureyrar frá október 2012.

Forstöðumaður íþróttamála hefur heimild til að afgreiða styrkumsóknir sem berast vegna ferðastyrkja, samkvæmt reglum þessum.